

Stjórnarfundur UMSE 16.05.2017, haldinn í Búgarði. Fyrir fundinum lá eftirfarandi dagskrá:

- 1) Fundur settur.
- 2) Fundargerð síðasta fundar.
- 3) Innsend bréf.
- 4) Íþróttaping
- 5) Ferð UMFÍ til Danmerkur á landsmót DGI
- 6) Ársþingið.
- 7) Samningur við Bústólpa
- 8) Staða mála varðandi umsókn um að verða Fyrirmyndaríþróttahérað ÍSÍ
- 9) Staða skila í Felix
- 10) Talstöðvar vegna Þorvaldsdalsskokksins:
- 11) Erindi frá Hestamannafélaginu Hring:
- 12) Önnur mál
- 13) Tilhögun næsta fundar.

Mætt eru: Bjarnveig (talar gegnum Skype frá Kaupmannahöfn), Sigurður, Einar, Þorgerður, Björgvin, Elvar og Þorsteinn. Forföll boðaði Sigrún og Guðrún.

Fundur nr. 770.

- 1) Fundur settur. Bjarnveig setti fund kl. 17:38.
- 2) Fundargerð síðasta fundar. Fundargerðin er samþykkt með áorðnum breytingum.
- 3) Innsend bréf.
 - a) 10. apríl, frá UMFÍ: Ályktun frá ungmennaráðstefnu UMFÍ á Laugarbakka 2017. Lagt fram til kynningar.
 - b) 11. apríl, frá ÍSÍ (STÍ): Skotþing 20 maí 2017 Þingboð og kjörbréf STÍ. Lagt fram til kynningar.
 - c) 11. apríl, frá FSÍ: Fimleikaping - fulltrúar – kjörbréf. Lagt fram til kynningar.
 - d) 21. apríl, frá ÍSÍ: 73. Íþróttaping ÍSÍ - síðara fundarboð. Lagt fram til kynningar.
 - e) 24. apríl, frá ÍSÍ: Til sambandsaðila - Afrekssjóður ÍSÍ. Lagt fram til kynningar.
 - f) 26. apríl, frá UMFÍ: Vorfundur UMFÍ 2017. Sjá lið i.
 - g) 27. apríl, frá ÍSÍ: Íþróttaping 2017 - Uppl. um framboð til forseta og framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Lagt fram til kynningar.
 - h) 4. maí, frá Dalvíkurbyggð: Svar vegna umsóknar úr Menningar- og viðurkenningasjóði: Umsókn hafnað með vísan í úthlutunarreglur. Lagt fram til kynningar.
 - i) 9. maí, frá UMFÍ: Vorfundur UMFÍ seinna fundarboð. Fundurinn verður haldinn á Hvolsvelli 20. maí 2017, framkvæmdastjóri mun sækja fundinn fyrir hönd UMSE. Lagt fram til kynningar.
 - j) 11. maí, frá UMFÍ: Viltu koma í party? - Umræðupartý UMFÍ #2. Lagt fram til kynningar.
- 4) Íþróttaping.
 - a) 5.-6. maí í Gullhömrum. Framkvæmdastjóri sótti þingið fyrir hönd UMSE. Hann sagði frá því í stuttu máli. Meðal þess sem rætt var var afrekstefna sem var samþykkt og svo kynning á afrekssjóð sem er á hendi framkvæmdastjórnar UMSE. Það eiga eftir að koma tilkynningar þar sem greint er frá niðurstöðum þingsins.

5) Ferð UMFÍ til Danmerkur á landsmót DGI.

- a) Þá liggur fyrir kostnaður vegna fyrirhugaðar ferðar á Landsmót DGI. Þar sem UMFÍ á 110 ára afmæli á árinu þá er ferðin niðurgreidd fyrir alla þátttakendur. Kostnaður þátttakenda er 77.500 kr. á mann og innifalið í verði er:
- Flug – út miðvikudaginn 28.júní kl.16:10 – heim mánudaginn 3.júlí kl.22:30. (Icelandair).
 - Gisting á 3* hóteli í miðborg Álaborgar.
 - Rúta til og frá Sigtúni 42 á flugvöll.
 - Rúta til og frá Kastrup í Kaupmannahöfn til Álaborgar.
 - Matur, (morgunmatur, hádegismatur og kvöldmatur) – nema ferðadaga.
 - Hátíðarkvöldverður sunnudaginn 2.júlí.
 - Miðar á valdar sýningar á Landsmóti DGI.

Lagt fram til kynningar. Fyrirhugað er að Þorsteinn og Sigurður fari í þessa ferð fyrir hönd UMSE. Þetta var afgreitt í tölvupóstsamskiptum fyrir þennan stjórnarfund. Fjórir stjórnarmenn voru samþykki því að tveir fulltrúar UMSE færu í þessa ferð, einn stjórnarmaður var andvígur því. Umræður voru um þetta mál á fundinum. Samþykkt formlega að UMSE sendi tvo fulltrúa í þessa ferð. Þorgerður er mótfallin því að tveir fulltrúar fari í ferðina og hennar skoðun er að þessum fjármunum væri betur varið með öðrum hætti.

6) Ársþingið.

- a) Þinggerð. Þinggerð liggur fyrir, hún var send stjórnarmönnum í tölvupósti. Engar athugasemdir hafa borist. Þinggerðin telst samþykkt.
- b) Ályktanir. Framkvæmdastjóri mun senda ályktanirnar út á næstu dögum.

7) Samningur við Bústólpa

- a) Fimmtudaginn 27. apríl hitti framkvæmdastjóri fulltrúa Bústólpa ehf. á fundi um nýjan samning við UMSE.
- Fulltrúar Bústólpa voru Hólmgeir Karlsson, framkvæmdastjóri og Hanna Dögg Maronsdóttir, sölu- og markaðsstjóri og aðstoðarframkvæmdastjóri.
- Stutt kynning fór fram á kjarnastarfsemi UMSE og voru þau ánægð með starfseminu og lýstu yfir vilja til áframhaldandi samstarfs.
- Nýr samningur var ræddur í samræmi við umræður á síðasta stjórnarfundum UMSE. Þau samþykktu nýjan samning, en hann er í raun framlenging á gildandi samningi. Gildistíminn er árin 2017-2019.
- Aðeins á eftir að skrifa undir samninginn. Tillaga framkvæmdastjóra er að það verði gert við sama tækifæri og þegar UMSE verður útnefnt Fyrirmyndaríþróttahérað ÍSÍ. Sjá næsta lið á dagskránni.

8) Staða mála varðandi umsókn um að verða Fyrirmyndaríþróttahérað ÍSÍ

- a) Framkvæmdastjóri fór ásamt Viðari Sigurjónssyni starfsmanni ÍSÍ til fundar við sveitarstjóra og oddvita sveitarstjórnar í Svalbarðsstrandarhreppi.

Á fundinum kynnti framkvæmdastjóri starfsemi UMSE og þær breytingar sem hafa orðið á starfinu undanfarin ár. Viðar Sigurjónsson fjallaði svo um Fyrirmyndarhéraðsvottunina og gildi hennar fyrir UMSE og hreyfinguna í heild.

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að nýjum samningi við sveitarfélagið á fundinum. Sá samningur er í grunninn sambærilegur við aðra samninga sem gerðir hafa verið við önnur sveitarfélög á starfssvæðinu. Munurinn er þó að gildistíminn er aðeins eitt ár (út 2017), liðir sem snúa að fjárhagslegum skuldbindingum (aðrir en rekstrarstyrkur 2017) s.s.

húsnæðismálum voru felldir út. Tillagan var gerð í samræmi við umræður á stjórnarfundi UMSE.

Fulltrúar Svalbarðsstrandarhrepps voru mjög ánægðir með samstarfið við UMSE. Þeir vildu ljúka því strax á fundinum að skrifa undir samninginn. Í ljósi þess hvernig málið hefur þróast samþykkti framkvæmdastjóri að ganga frá málum þá og þegar.

9) Staða skila í Felix

- a) Frestur var framlengdur til 15. maí.

- b) Staða skila um miðnætti í gær, sjá töflu hér ofan við. Þessi tafla hefur breyst aðeins frá því á

Nafn félags	Gerð félags	Sk.st. héraðss.	Staða félagatal	Staða Ársreikningur
Ungmennasamband Eyjafjarðar	Íþróttahérað		Vantar	Komið
Blakfélagið Rimar	Félag	UMSE	Vantar	Vantar
Golfklúbburinn Hamar	Félag	UMSE	Vantar	Komið
Hestamannafélagið Funi	Félag	UMSE	Komið	Komið
Hestamannafélagið Hringur	Félag	UMSE	Komið	Vantar
Hestamannafélagið Þráinn	Félag	UMSE	Vantar	Komið
Skíðafélag Dalvíkur	Félag	UMSE	Vantar	Komið
Sundfélagið Rán	Félag	UMSE	Vantar	Vantar
Umf. Reynir	Félag	UMSE	Vantar	Komið
Umf. Smárinn	Félag	UMSE	Komið	Komið
Umf. Svarfdæla	Félag	UMSE	Vantar	Vantar
Umf. Þorsteinn Svörfuður	Félag	UMSE	Komið	Komið
Umf. Æskan	Félag	UMSE	Komið	Komið
Ungmennafélagið Samherjar	Félag	UMSE	Vantar	Vantar

miðnætti. Framkvæmdastjóri hefur verið í sambandi við félög á Dalvík og hélt hann stuttan fund með fulltrúunum þar þar sem hann aðstoðaði við útfyllingu og skil í gegnum Felix.

10) Talstöðvar vegna Þorvaldsdalsskokksins:

- a) Vegna endurskoðunar á öryggismálum vegna Þorvaldsdalsskokksins var lagt til að skoðuð yrðu kaup á talstöðvum til að tryggja góð samskipti milli starfmanna í skokkinu. Á stjórnarfundum UMSE kom upp tillaga um að kanna hvort hægt væri að fá lánaðar öflugar talstöðvar hjá Skíðafélagi Dalvíkur og taka mögulega þátt í kostnaði við endurnýjun á þeim í stað þess að sambandið fjárfesti sjálf í talstöðvunum.
- b) Skíðafélagið á 6 vhf stöðvar sem það er til í að lána okkur og var til í viðræður um að við tækjum þátt í kostnaði við endurnýjun á búnaðinum í staðinn. Samkvæmt formanni félagsins stendur til að kaupa eina nýja talstöð fljótlega og að endurnýja rafhlöður í hinum. Kostnaður við þetta samkvæmt síðustu athugun var: Talstöðin um 40.000 kr. og hvert batterí um 15.000 kr.

Framkvæmdastjóra var falið að fara þess á leit við Skíðafélagið að fá leigðar talstöðvar fyrir Þorvaldsdalsskokkið.

11) Erindi frá Hestamannafélaginu Hring:

- a) Eftirfarandi erindi barst skrifstofu UMSE nýverið frá Hestamannafélaginu Hring á Dalvík.
Sæll Steini

Eftir dóminn sem Skíðafélag Dalvíkur fékk á sig um daginn hafa mörg íþróttafélög verið að velta fyrir sér sínum ábyrgðum og tryggingum og það höfum við í Hring verið að gera.

Við vorum að velta fyrir okkur hvort að UMSE gæti miðlað upplýsingum til sinna aðildarféлага td. fengið einhvern lögfróðan mann jafnvel frá UMFÍ eða ÍSÍ um réttindi og skyldur íþróttaféлага og einnig fengið tryggingafélög að málinu. Það er tildæmis verið í umræðunni hvort að nóg sé að setja upp skilti um að á völlum (og í okkar tilfelli líka reiðvegum) félagsins sért þú að stunda og/eða fara um á eigin ábyrgð, heldur það í svona málum. Og til dæmis eru eigur starfsmanna (sjálfboðaliða) á mótum tryggð ef að tjón verður á þeim o.s.f.v.

Annars erum við að reyna fá upplýsingar frá okkar tryggingafélagi en það væri kannski sniðugt ef eitthvað af svona vinnu væri hægt að fá á einum stað saman frekar en að allir séu að paufast í sínu horni.

Með bestu kveðju,

Lilja Björk Reynisdóttir

Hestamannafélagið Hringur

- b) Framkvæmdastjóri ræddi óformlega við Forseta ÍSÍ í Íþróttapinginu. Hann er lögmaður og hefur nokkra þekkingu á þessum málum. Eftir það samtal varð niðurstaðan að UMSE sendi erindi til framkvæmdastjórnar ÍSÍ, sem mun þá að öllum líkindum vísa málinu til fræðsluviðs sem mun skoða málið og fara ofan í saumana á málum sem snúa að ábyrgð, en jafnframt öryggismálum.

Hann taldi þó ljóst að félög gætu átt von á því að vera dregin til ábyrgðar ef um gáleysi er að ræða. Því er mikilvægt að opna umræðu um þessi mál.

Rætt var um þessi mál frá ýmsu hliðum. Framkvæmdastjóra var, fyrir hönd UMSE og aðildarfélaga, falið að senda framkvæmdastjórn ÍSÍ bréf með ósk um að ÍSÍ færi ofan í saumana á trygginga-, öryggis- og ábyrgðarmálum íþróttafélaga og skýrði þau mál út í ljósi nýlegs dómsmáls þar sem dæmt var Skíðafélagi Dalvíkur í óhag.

12) Önnur mál.

a) Rætt um nefndaskipan.

- i) Stungið var upp á nokkrum aðilum í Unglingalandsmótsnefnd og mun framkvæmdastjóri hafa samband við þessa aðila, hann verður starfsmaður nefndarinnar eins og í fyrra.
- ii) Forvarnar- og fræðslunefnd. Framkvæmdastjóri hefur haft samband við Ásgeir Mát Hauksson og Svein Torfason og voru þeir báðir tilbúnir að taka þátt í starfi nefndarinnar. Þorgerður Guðmundsdóttir ætlar að skoða málið hvort hún geti starfað í nefndinni.
- iii) Knattspyrnunefnd. Elvar Óli Marinósson og Einar Hafliðason tilbúnir að starfa í þeirri nefnd. Þeim var falið að finna einhvern fulltrúa með sér í þá nefnd.
- iv) Frjálsíþróttanefnd. Það er lítil sem engin starfsemi í gangi hjá aðildarfélögum þessi misserin, stærsta vandamálið virðist vera að fá frjálsíþróttabjálfa. Framkvæmdastjóra var falið að hafa samband við þau félög sem haldið hafa úti frjálsíþróttæfingum til að kanna hvernig landið liggur.
- v) Borðtennisnefnd. Rætt um að fá fulltrúa Umf. Samherja og Umf. Æskunnar í þessa nefnd. Stungið upp á Starra Heiðmarssyni og Sigurði Eiríkssyni. Rætt um að virkja þurfi borðtennisstarf á Dalvík og fá fulltrúa þaðan í nefndina.

b) Björgvin Hjörleifsson sat skíðaping SKÍ um síðustu helgi og sagði hann stuttlega frá því. Þar var m.a. rætt um að uppfæra þurfi afreksstefnur og hvernig ætti að skilgreina afreksfólk, t.d. á skíðum.

Rætt um afreksstefnu almennt og að íþrótt- og ungmennafélög þurfi að fylgjast með afrekum iðkenda og hlúa að þeim, það sé ekki alltaf tilfellið.

Einnig var bent á það að oft gæti það verið betra og jafnvel nauðsynlegt fyrir iðkendur að æfa og keppa annars staðar en hjá sínu félagi – þar sem e.t.v. væri ekki lögð áhersla á afreksstefnu.

Björgvin velti því upp hvort UMSE ætti að vera með afreksstefnu sem aðildarfélög UMSE gætu þá miðað við eða vitnað í ef þau vildu. Ef til vill væri nóg að vitna í reglugerð Afreksmannasjóðs.

13) Tilhögun næsta fundar.

- a) Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 6. júní kl. 18:00. Bjarnveig kemur með veitingar.

14) Bjarnveig sleit fundi kl. 19:06.

Fundargerð ritaði Einar Hafliðason.